

Varðandi fréttir af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem Innheimtustofnun sveitarfélaga (IS) var dæmd til greiðslu hárra bóta vegna brota á jafnréttislögum með því að greiða kvenkyns lögfræðingi lægri laun en sambærilegur karlkyns lögfræðingur fékk, vill undirritaður, Jón Ingvar Pálsson, koma að eftirfarandi athugasemdum og leiðréttingum:

Fyrst ber að geta að ég hafði enga aðkomu að dómsmáli þessu. Sætir furðu að ég var aldrei kallaður til sem vitni í málinu, né í aðdraganda þess til að gera grein fyrir staðreyndum, þó ég sé gerður að blóraböggli. Það stenst enga skoðun að vera talinn höfuðpaur í málinu án þess að vera látinn gera grein fyrir máli mínu. Þá er tímasetning fréttar af málinu varla tilviljunum háð. Dómur var uppkveðinn í mars, en fyrst nú í apríl birtur með tilheyrandi flugeldasýningu, á sama tíma og ég hef stefnt stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir dóm til þess að sækja bætur sem mér ber úr hendi þeirra, vegna brota þeirra á starfsréttindum mínum. Einnig er til umfjöllunar nú kvörtun mín til Persónuverndar, þar sem stofnunin fletti mér upp með ólögmatum hætti í gagnakerfum Skattsins og braut þannig freklega á rétti mínum. Rétt er að það komi fram að ég hef vitneskju um að öðrum 8 einstaklingum, að lágmarki, hafi verið flett upp af tilefnislausu. Er Skattinum jafnframt kunnugt um þetta.

Hafði ég kosið að reka mál mín fyrir dómstólum, en er nauðbeygður að bera hönd fyrir höfuð mér.

Niðurstaða umrædds dóms kom mér að óvörum, enda taldi ég víst að þessi niðurstaða kæmi aldrei til greina ef rýnt hefði verið í staðreyndir málsins og er mér nauðugur einn kostur að gera það hér, enda í mínum huga ljóst að ný stjórn IS hefur valdið mér tjóni og skattgreiðendum ómældu fjárhagstjóni við meðferð málsins:

Hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga störfuðu 4 lögfræðingar í minni tíð þar. Tilviljun réð því að 2 karlkyns lögræðingar, sem eru báðir með lögmannsréttindi og taka launahækkunum m.a. samkvæmt því voru fyrir í störfum er ég tók við starfi mínu. Voru þeir báðir með um 20 ára starfsreynslu hjá stofnuninni er ég lét af störfum. Hinir 2 voru kvenkyns lögfræðingar, án lögmannsréttinda á þeim tíma sem skiptir máli og störfuðu í mun skemmri tíma, þannig með mun styttri starfsreynslu en hinir tveir. Reyndar var þar í seinni hópnum á tímabili einnig starfandi karlkyns lögfræðingur sem þáði sömu laun og kvenkyns lögfræðingarnir. Það gefur auga leið að nokkur munur var á launakjörum þessara tveggja hópa eftir menntun og reynslu. Hvers vegna stefnandi málsins kys að bera sig saman við einn karlkyns lögfræðing en ekki aðra er mér hulin ráðgáta og vekur upp ýmsar spurningar. Getur nýútskrifaður einstaklingur krafist sömu launa og aðili með 20 ára reynslu ef þau eru af sitthvoru kyninu? En ef aðilarnir eru af sama kyni?

Kjarasamningsumboð fyrir Innheimtustofnun sveitarfélaga var og er í höndum kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS). Stjórnendur stofnunarinnar komu þar hvergi nærri og sá kjarasvið alfarið um kjarasamninga starfsfólks IS.

Hinir áður nefndu 4 lögfræðingar stofnunarinnar voru að beiðni og frumkvæði kjarasviðs SÍS og Stéttarfélags lögfræðinga (BHM) látnir undirgangast umfangsmikið starfsmat, sem reyndar tók um 3 ár og var lokið á árinu 2018 eða 2019. Niðurstaða starfsmatsins var á þá leið að 2 yngri lögfræðingar IS (kvenkyns) skyldu hækka í launum. Hinir 2 (karlkyns) skyldu lækka í launum. Laun tveggja yngri lögfræðinga voru hækkuð samkvæmt mati, en þegar leitað var til kjarasviðs SÍS og sérfræðinga BHM sem önnuðust starfsmatið, varðandi hvort

lækka bæri laun þessara tveggja eldri var svarið afdráttarlaust nei. Launakjör lögfræðinga voru því alfarið ákvörðuð af SÍS og Stéttarfélagi lögfræðinga (BHM).

Lögfræðingar IS nutu kjarabóta utan samningsgreiðslna í formi greiddra yfirvinnustunda. Voru hinir tveir eldri þar í efsta þrepi, en hinir tveir yngri nutu þess að hluta, enda var skýr kjarastefna á þá leið að yngri lögfræðingar skyldu hljóta hækkunarþar eftir fyrirfram ákveðnu kerfi varðandi starfstíma, reynslu og menntun. Kom kyn lögfræðinga þar málinu ekkert við. Fyrir lok starfs míns hjá IS varð hækkun vegna þessa á greiðslum til annars kvenkyns lögfræðingsins eftir starfskjarakerfi þessu (þess er ekki var stefnandi málsins) vegna starfsaldurs. Svo undarlega bar við að ný stjórn IS, þrátt fyrir umhyggju sína fyrir sömu kjörum óháð kyni, ákvað að afturkalla réttmæta launahækkun þessa. Það er því algerlega ljóst að hafi einhver lög verið brotin hér, þá var það ekki á mína ábyrgð.

Ný stjórn, að undirlagi SÍS og Innviðaráðuneytis, hefur lagt sig í líma við að koma höggi á fyrri stjórnendum IS með ýmsum bolabrögðum. Hefur ný stjórn engan veginn litið í eigin barm, hvorki varðandi aðferðir né mannskap þar innanborðs. Getur hver sem vill skoðað þann hóp, einnig þann sem sagði sig frá stjórnasetu fljótlega eftir skipun. Svo skemmtilega vill til að aðfarir þessar hafa leitt til þess að IS eða arftaki þess er undir fullri stjórn og ákvörðunarvaldi ákveðins stjórnarmálflokks, sem kórónað var nú með ráðningu eins þeirra félaga í starf framkvæmdastjóra SÍS. Mun öll starfsemi sem máli skiptir flytjast norður í land og nánast allir sem málunum tengjast eru með tengingar þangað. Ný stjórn IS hefur hamrað á því að fyrri stjórnendum IS hafi verið óhæfir. Það skýtur hér skökku við að hinir óhæfu stjórnendum hafa þó skilað IS og þar með skattgreiðendum bestu innheimtu í yfir 50 ára sögu IS í sinni stjórnartíð, fengið mikið hrós fyrir víða, jafnvel á opinberum vettvangi. Eigendur IS hafa engan veginn staðið sig í stykkinu varðandi háþróun innheimtunnar, þeir höfðu enga getu eða vilja til að koma þar að. Pólitíkinni er alveg sama um það, því þar helgar tilgangurinn meðalið. Einnig beini ég því, að gefnu tilefni, til misviturra Alþingismanna að kynna sér mál til hlítar áður en farið er að gaspra um eitthvað sem þeir hafa enga þekkingu á, í sjónvarpi eða annars staðar.

Þá var Ríkisendurskoðandi (sem er reyndar alls ekki endurskoðandi) dreginn að borðinu til að réttlæta yfirtöku ríkis á starfsemi IS. Þetta vekur athygli í ljósi þess að IS heyrir engan veginn undir það embætti og engin heimild þess til að skila af sér skýrslu þess efnis sem gert var um málefni IS, eitthvað sem kallað er “stjórnsýsluúttekt”. Í skýrslunni eru meinlegar villur, rangfærslur og þínlegar yfirlýsingar um staðreyndir sem standast enga skoðun. Það sem alvarlegast er hér þó það að Ríkisendurskoðun hefur aldrei gefið mér kost á að gæta andmælaréttar míns, leitað skýringa, eða með nokkrum öðrum hætti gætt að meðalhófi. Þar kemur að því sama, tilgangurinn helgar meðalið. Reyndar er þetta ekki fyrsta asnasparkið sem kemur frá þessu embætti. Ég sendi bréf til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis vegna þessa fyrir margt löngu er skýrslan leit dagsins ljós, benti þeim á sumar þessara staðreynda og bauðst til að upplýsa frekar um málið. Hef ég ekkert heyrt frá því ágæta fólk, sem virðist vera með stjórnur í augunum gagnvart embætti Ríkisendurskoðanda, sem eins og fyrr sagði er ekki endurskoðandi.

Ég er nauðbeygður til að freista þess að bera hönd fyrir höfuð mér með tilkynningu þessari, vegna ómaklegra, meiðandi og rangrar umfjöllunar um málefni mín, og annarra fyrrverandi starfsmanna hjá IS. Ég starfaði hjá stofnuninni og stýrði í yfir tvo áratugi með einstökum

árangri. Nú er lag að linni. Einfaldast er að dómstólar klári þessi mál en ekki dómstóll götunnar sem getur gengið ómaklega fram.

Staðreyndin er sú að ný stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefur enn, tæpu einu og hálfu ári eftir verknaðinn, ekki enn hleypt undirrituðum og öðrum fyrrverandi starfsmönnum í þeirra einkagögn þrátt fyrir lögbundna skyldu til þess, hvað þá framvísað neinu þeirra gagna sem þörf er á til að skýra mál.

Hvað hafa þau að fela? Skyldu það vera þeir ómældu milljónir sem ný stjórn hefur tekið í þóknun frá því þau tóku við og enginn virðist vilja fjalla um?

Fjöldi annarra rangfærslna sem núverandi stjórn hefur haldið fram verður svarað fyrir dómstólum á þar til bærum tíma.

Er þess óskað að fjölmiðill þinn birti skýringar þessa og athugasemdir.

Reykjavík, 11. apríl, 2023.

Jón Ingvar Pálsson